


2025



Handbók Vinnuskóla Akraness

RAFÆN ÚTGÁFA

JÓN ARNAR SVERRISSON

HEIÐRÚN JANUSARDÓTTIR

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur	2
Markmið	2
Starfsreglur:	3
Áhættumat	3
1.Vinnuskólabílar og vinnutæki.	3
2.Garðvinnuáhöld og umgengni.	3
3.Vinnuumhverfi og varnir.	4
Slys:	4
Starfsmenn:	5
Garðyrkjustjóri	5
Verkstjóri/yfirflokkstjóri	5
Flokkstjóri	5
Starfsmenn 17 ára	5
Starfsmenn 14-16 ára	5
Vinnutími:	5
Laun:	6
Verkefni:	6
Fræðsla og þjálfun	7
Námskeið og fyrirlestrar:	7
Ýmiss félagsstarfsemi:	7
Umsögn / endurmat / sjálfsmat:	7

Inngangur

Veturinn 2022-2023 fór fram heildar endurskoðun á Vinnuskóla Akraness. Öll starfsemi skólans var tekin til endurskoðunar. Skerpt var á tilgangi og markmiðum og öll starfsemin römmuð betur inn. Handbók Vinnuskóla Akraness sem hér lítur dagsins ljós er samantekt úr þeirri vinnu. Fjölmargir voru kallaðir að verkefninu og er þeim öllum þakkað.

Tilgangur:

Hvað er Vinnuskóli og til hvers er ætlað af Vinnuskólanum ?

Vinnuskóli Akraness starfar eftir [*Reglugerð um vinnu barna og ungmenna*](#).

Vinnuskólinn er bæði vinna og skóli. Hann er félagslega skapandi vinnustaður, með kennslu í almennri vinnuskólavinnu og skýrar reglur varðandi vinnuumhverfi.

Auk þess leggur Vinnuskólinn áherslu á eftirfarandi þætti í starfsemi sinni.

- Að gefa ungmennum á Akranesi tækifæri til að sinna og kynnast fjölbreyttum og skemmtilegum störfum þar sem lögð er áhersla á gleði, vinnu og lærdóm.
- Að gefa nemendum tækifæri til að þroska vinnuvitund sína.
- Að undirbúa nemendur fyrir almennan vinnumarkað.
- Að námsefni og verkefni vinnuskólans samanstandi af þremur þáttum sem eru: fræðsla, tómstundir og vinna.
- Að samsetning og hlutfall þessara þátta fari eftir aldri, getu og áhuga nemendanna.

Markmið:

Vinnuskólinn stefnir að ákveðnum markmiðum í starfsemi sinni. Markmiðin eru leiðarljós og sýna þá þætti sem Vinnuskólinn vinnur eftir í allri sinni starfsemi. Ávallt er leitast við að hafa þessa þætti í huga.

- Að gefa nemendum kost á sumarstörfum í umhverfi sem einkennist af fræðslu, kennslu, þjálfun og tómstundum
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir vinnu, stundvísi og aga á vinnustað
- Að nemendur kynnist ólíkum störfum allt eftir getu og þroska hverju sinni
- Að kenna nemendum að bera virðingu fyrir umhverfinu sínu og efla umhverfisvitund þeirra
- Að leggja áherslu á mikilvægi og verðmæti starfsins
- Að stuðla að félagslegum samskiptum og samvinnu
- Að auka forvarnir í bland við vinnu
- Að viðhalda jákvæðri ímynd um Vinnuskólann og starfsemi hans

Starfsreglur:

Í Vinnuskólanum eru tíu einfaldar reglur sem settar eru fram til leiðbeiningar. Ítrekað brot á reglum veldur brottrekstri

1. Vinnuskólinn er tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður
2. Orkudrykkir eru ekki leyfðir
3. Starfsmenn Vinnuskólans temji sér stundvísi
4. Vinnu skal stunda samviskusamlega og fara vel með verkfæri
5. Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið í Vinnuskólanum
6. Veikindi skal tilkynna á skrifstofu Vinnuskólans
7. Notkun farsíma við vinnu er ekki heimil nema með leyfi flokkstjóra
8. Starfsmenn bera ábyrgð á eigin fötum
9. Allir starfsmenn verða að vera í vinnuvestum sem sveitarfélagið útvegar
10. Brot á starfsreglum getur valdið brottrekstri

Áhættumat

Skv. 5.gr. reglugerðar vinnueftirlits um vinnu barna og unglinga.

Flokksstjórar sem ráðnir eru til starfa við Vinnuskóla Akraness fara í upphafi starfstíma á tvenns konar námskeið. Annars vegar á námskeið um skyndihjálp og slysavarnir og hins vegar á námskeið um vinnuvernd, öryggismál og líkamsbeitingu.

1.Vinnuskólabílar og vinnutæki.

Vinnuskólabílar eru útbúnir með öryggisbeltum. Skylt er að nota beltin þegar krakkar eru ferjaðir í bílum. Einnig skal virða reglur um hámarksfjölda farþega í bílum. Flokkstjórum er skylt að virða allar umferðarreglur sem gilda, og þar á meðal hraðatakmörkanir. Ekki skal nota einkabifreiðar flokksstjóra til flutnings starfsmanna í Vinnuskóla.

Vinnuvélar –dráttavélar. Unglingar eiga ekki í neinum tilvikum-að vera við stjórn vinnuvéla né farþegar í slíkum tækjum. Einungis þeir sem hafa tilskilin leyfi og réttindi mega stjórna slíkum tækjum.

Þeir sem nota sláttuvélar, orf eða sláttuliðvélar er skylt að fara eftir öllum leiðbeiningum. Ávallt skal hafa allar hlífar á tækjum. Skylda er að vera með heyrnahlífar, andlitshlíf, hanska og vera í skóm með stáltá. Ef bilun verður á tæki skal undantekningarlaust láta flokkstjóra vita og hætta að nota tækið. Koma skal tækinu til starfsmanna þjónustumiðstöðvar til lagfæringar.

2.Garðvinnuáhöld og umgengni.

Flokksstjórar kenna beitingu áhalda, fá fræðslu um þau og líkamsbeitingu frá viðurkenndum aðilum í vinnuvernd.

Flokksstjórar gæta þess sérstaklega að ekki sé farið óvarlega með áhöld í starfi. Flokkstjórum er gert að draga úr álagi og einhæfni starfa með því að:

1. Gefa nemendum kost á að flytja sig á milli áhalda eða verkefna ef hægt er að koma því við.
2. Stuttum hvíldum og leik. Þetta á aðeins við ef um erfiðisvinnu er að ræða.

Garðvinnuáhöld eru yfirfarin reglulega. Biluð og brotin áhöld eru fjarlægð eða send til viðgerðar. Flokksstjórar hafa eftirlit með þessu og láta vita til verkstjóra Vinnuskóla ef verkfæri eru ónýt eða þarf að laga þau.

Almenna reglan er að unglingar mega ekki lyfta og vinna að jafnaði með þyngdir yfir 12 kg. og lyfta að hámarki 25 kg. Taka skal tillit til líkamsþroska þeirra.

3.Vinnuumhverfi og varnir.

Flokksstjórar ganga úr skugga um öryggi vinnusvæðis hverju sinni. Tekið er tillit til eftirfarandi þátta. Umferðar og nálægðar við umferð. Skimað eftir ummerkjum um óheilmæmt sorp, sprautunálar, vökva, glerbrot og aðra torkennilega hluti eða hættu sem skaðað gæti þá sem vinna.

Sé vinnuflokkur að störfum í og við stofnbraut í þéttbýli þar sem hámarkshraði er yfir 40km/klst. er regla Vinnuskólans að auðkenna ungmennti með þar til gerðum einkennisvestum og /eða setja upp viðvörðunarskilti. Öllum nemendum er gert skylt að nota hlífðar við gróður- og moldarvinnu í beðum.

Flokkstjórar gæta að varúðarmerkingum og ekki er unnið í trjáreitum þar sem úðað hefur verið nýlega með skordýraeitri.

Flokksstjórar gæta að veðurfarslegum hættum vegna foks. Flokksstjóri skal í öllum tilfellum fjarlægja hnífa og eldfæri af krökkum og koma til yfirmanns vinnuskóla. Gera skal foreldrum viðvart og aðeins afhenda þeim það sem fjarlægt var.

Slys:

Fyrirbyggjandi aðgerðir. Flokkstjórar hafa fengið fræðslu um grunnatriði í skyndihjálpi og hafa meðferðis litla skyndihjálpartösku, plástur og þrýstiumbúðir. Flokkstjórar hafa farsíma til að hringa í eftir aðstoð. Farið er með sár, ofnæmisviðbrögð og önnur meiðsl til meðhöndlunar á slysavarðstofu. Haft er samband við forráðamann ef þörf þykir og í samræmi við verkferla. Gerð er sérstök skýrsla til Vinnueftirlitsins ef vinnuslys á sér stað.

Starfsmenn:

Garðyrkjustjóri

- Forstöðumaður Vinnuskólans og ber alla ábyrgð á starfsemi hans
- Skipuleggur vinnutíma, verkefni og alla fræðslu
- Hefur eftirlit með vinnu og verkefnum

Verkstjóri/yfirflokkstjóri

- Sér um daglegan rekstur
- Kemur vinnu og verkefnum af stað
- Hefur yfirlit yfir verkefnastöðu
- Heldur utan um tímafjölda
- Skráir öll göng í Völu-vinnuskóla
- Tengiliður milli allra aðila

Flokkstjóri

- Hefur umsjón með vinnuhóp unglinga 14-17 ára
- Annast verkstjórn og kennslu
- Leiðbeinir og aðstoðar unglingana í vinnunni

Starfsmenn 17 ára

- Vinna í sérstökum hópum í sérverkefnum
- Fara einnig inn í aðra hópa og aðstoða ef með þarf

Starfsmenn 14-16 ára

- Skipt í blandaða hópa á starfsstöðvar
- Vinna við hreinsum og snyrtingu á bænum
- Fá kennslu og fræðslu af ýmsu tagi

Vinnutími:

Fjöldi vinnustunda fer eftir aldri og hægt er að velja vinnutímabil.

Unglingar vinna 4 daga vikunnar (mán.-fim.)

Flokkstjórar vinna einnig á föstudögum.

- 8. bekkur vinnur 35 klst. sem eru 10 dagar, hálfan daginn
- 9. bekkur vinnur 140 klst. sem eru 20 dagar allan daginn
- 10. bekkur vinnur 210 klst. sem eru 30 dagar allan daginn
- 17 ára allt að 280 klst. (fer eftir fjölda umsækjenda) sem eru 40 dagar.
- Unglingar vinna mánudaga - fimmtudaga, 4 daga vikunnar 8.30 - 12 og 13 - 16.30.
- Flokkstjórar vinna 8.00 - 17.00 og 8.00 - 12.00 á föstud.
- Hádegismatur er klukkutími frá 12-13.
- Kaffitímar eru 20 mín.

Þeir sem vinna á öðrum stofnunum t.d. leikskólum semja um sinn vinnutíma við yfirmann stofnunar.

Laun eru ákvörðuð í umhverfis- og skipulagsráði og samþykkt af bæjarráði.

Launin eru sambærileg við mörg önnur sveitarfélög og taka reglulega hækkunum.

Laun:

Dæmi um laun 2025

8. bekkur - 840 kr.

9. bekkur - 951 kr.

10. Bekkur - 1260 kr.

Hækkun er 3.5 % frá 2024

17 ára – 3.056 kr. + orlof

Laun 17 ára fylgja kjarasamningum, launaflokki 118

Verkefni:

Vinnuskólanum er ætlað að sinna ákveðnum verkefnum á opnum svæðum við fegrun bæjarins.

Vinnan getur oft verið einhæf en reynt er að hafa fjölbreytni í öllum hópum. Nákvæmur verkefnalisti og skilgreiningar eru til staðar sem unnið er eftir við skipulag vinnunnar.

Bænum er skipt upp í 7 hverfi og hefur hvert hverfi ákveðið svæði og verkefni á þeim. Einn hópur vinnur á hverju svæði en hóparnir geta líka blandast og unnið saman í ákveðnum verkefnum. Starfsstöðvar eru í 5 hverfum, tveir hópar nýta sömu starfsstöð.

Helstu verkefnin eru:

Almenn verkefni sem lúta að umhirðu og snyrtingu bæjarfélagsins:

- Grassláttur
- Beðahreinsun
- Ruslatínsla
- Njólaklipping
- Hreinsa strandlengju, meðfram þjóðvegi og upp úr skurðum
- Fjarlægja illgresi meðfram götum og gangstéttum

Lóðasláttur fyrir örorku- og ellilífeyrisþega

Vinna á öðrum stofnunum bæjarins

Aðstoð hjá íþróttafélögum og öðrum félögum

Önnur tilfallandi sérverkefni

Fræðsla og þjálfun

Í Vinnuskólanum fer einnig fram ýmiss konar fræðsla. Mikið er lagt upp úr félagslegum samskiptum og samvinnu. Einnig er lögð áhersla á kennslu og þjálfun. Gert er ráð fyrir að önnur fræðsla fari fram bæði á vinnutíma en einnig utan hans.

Námskeið og fyrirlestrar:

Fræðsla utan vinnutíma:

- Launaseðill
- Skattframtal
- Útbúa ferilsskrá

Fræðsla á vinnutíma:

- Forvarnarfræðsla
- Jafningjafræðsla
- Hinsegin fræðsla
- Einelti
- Umhverfisvitund

Þjálfun eða námskeið:

- Verkleg kennsla í líkamsbeitingu
- Verkleg kennsla í beitingu véla og verkfæra
- Verkleg kennsla í vinnubrögðum og verklagi

Ýmiss félagsstarfsemi:

- Hópefli, afþreying og námskeið

Umsögn / endurmat / sjálfsmat:

Í lok vinnu er skoðað hvernig hver og einn hefur staðið sig og einnig fá unglingarnir tækifæri til að koma með umsögn um Vinnuskólann og tillögur að breytingum. Hægt er að fara nokkrar leiðir að þessu.

- Nemendur gefi Vinnuskólanum umsögn
- Nemendur komi með tillögur
- Nemendur meti sig sjálf í vinnunni
- Nemendur geri umsögn um sjálfa sig sem flokkstjóri fer svo yfir og samþykkir

VINNUSKÓLI AKRANESS
ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VEGNA
SUMARSTARFA
VINNUSKÓLI AKRANESKAUPSTAÐAR HEFUR HEIMILD
TIL AÐ GERA SAMNING VIÐ ÍA OG FÉLAGASAMTÖK Í
ÓHAGNAÐARDRIFINNI STARFSEMI Í ÞÁGU
SAMFÉLAGSINS Á AKRANESI

Vinnuskóli Akraness kt. 410169-4449 og xxx, hér eftir xxxxx gera með sér eftirfarandi þjónustusamning.

1.gr.

Vinnuskóli Akraness skuldbindur sig til að greiða laun ungmenna á aldrinum 14 – 16 ára sem vinna fyrir xxxxxx í gegnum Vinnuskóla yfir sumartíma, sem nemur fyrirfram ákveðnum vinnustundum.

2.gr.

Starfsmenn þeir sem þiggja launagreiðslu frá Vinnuskóla Akraness og falla undir þann styrk sem samningur þessi fjallar um eru ráðnir hjá Vinnuskóla Akraness og gilda sömu kjör, tryggingar o.s.frv. um þá og annað starfsfólk Vinnuskólans. Til þess að starfsmenn fái greitt á réttum tíma þarf að fylla inn tíma þeirra í skráningarkerfið Völu, daglega. Tekið skal fram að skilyrði er að þessir starfsmenn séu með lögheimili á Akranesi.

3.gr.

xxxxx leggur til starfsmann sem hefur yfirumsjón með öllu starfi sem fram fer með börnum og ungmennum og er gerð krafa um að viðkomandi sé hæfur til að bera ábyrgð á vinnustað barna og ungmenna. Þá sér xxxxx til þess að allt starfsfólk sem sinnir starfi með börnum og ungmennum hafi sótt viðeigandi námskeið s.s. skyndihjálp og sakavottorð sé hreint í samræmi við æskulýðslög nr. 70/2007 er gerð krafa um heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá. xxxxx skal tryggja að utanaðkomandi aðilar og aðilar í stjórn félagsins séu ekki að hlutast til varðandi agamál og hafi ekki bein afskipti af sumarstarfstarfsmönnum. Áður en ráðningar hefjast skulu verkefnastjóri frístunda og forvarnamála, forstöðumaður Vinnuskólans og framkvæmdastjóri eða fulltrúi xxxxx eða sá aðili sem ráðin er inn til að hafa umsjón með sumarstarfi, hittast og fara yfir samninginn og fyrirkomulag sumarstarfsins. Forstöðumaður Vinnuskóla Akraness eða fulltrúi mun eiga í reglulegu samráði við viðkomandi félag þar sem farið verður yfir hvernig gengur og hvernig samskiptin eru á vinnustaðnum.

4.gr.

Xxxx skuldbindur sig til að tryggja að öllum öryggisreglum á vinnustað sé fylgt eftir og séu í samræmi við kröfur vinnueftirlits, heilbrigðiseftirlits og lög og reglugerðir er lúta að starfi með börnum og ungmennum. Ef upp koma mál er varða einelti, áreitni og/eða ofbeldi skal málið tilkynnt til forstöðumanns Vinnuskóla og skal sú tilkynning berast eins fljótt og hægt er. Ef starfsmaður Vinnuskólans leitar til félags varðandi áreitni, ofbeldi og/eða einelti skal fullum trúnaði haldið við viðkomandi.

5. gr.

Með samningi þessum skuldbindur félagið sig til að bjóða börnum á Akranesi upp á uppbyggilegt frístundastarf yfir sumartímann þar sem þátttökugjöldum eru stillt í hóf og verð sambærileg og foreldrar greiða fyrir svipuð frístundaúrræði annars staðar.

6. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. Júní 2024 til 15.08.2024. Samningurinn er uppseigjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Samningurinn er endurskoðaður árlega með hliðsjón af fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar og óskum félaga.

7. gr.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Akranesi, dags. _____

F.h. xxxxxxxx

F.h. Vinnuskóla Akraness
